

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samgöngustjóri hefur, í samræmi við 2. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar nr. 1020/2019, sbr. 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd Reykjavíkurborgar:

1. Að tvö bifreiðastæði við Öldugötu 19 hafi 15 mínútna hámarkstíma milli kl. 07.30–10.00 og 15.00–17.00 mánudaga til föstudaga
2. Að gönguþveranir yfir framhjálaup af Grensásvegi á Miklubraut, sitt hvoru megin á gatnamótum Miklubrautar og Grensásvegar, verði merktar sem gangbrautir.

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingum, í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 250/2024.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Reykjavík, 13. ágúst 2026.

Skrifstofu stjórnsýslu og gæða, umhverfis- og skipulagssviðs,
Jóhanna Guðjónsdóttir lögfræðingur.

B deild - Útgáfudagur: 31. ágúst 2026